

Barði Guðmundsson:

Uppruni íslenzkrar skáldmenntar

I.

Skáld, kynngi, kvenréttindi.

PÖTT Norðmenn og Íslendingar séu náskyldar þjóðir, sem öldum saman töludu næstum sömu tungu, gætir ótrúlega mikils munar á fornmenningu þeirra. Að ýmsu leyti bera þjóðirnar nú langtum skýrari skyldleikamerki en fyrir nú öldum. Í flestum meginþáttum íslenzkrar og norskrar þjóðmenningar til forna verður munarins vart. Þegar að öndverðu birtist hann greinilega í stjórnskipulagi landanna, stéttaskipun þeirra og mannréttindamálum. Grafsiðir Norðmanna og Íslendinga í heiðni taka af skarið um það, að þá hafa trúarhugmyndir manna hér verið mótaðar af öðrum menningarviðhorfum en trúarlíf frændþjóðarinnar austan hafs. Frá þeim tíma talið, verða Íslendingar öndvegisþjóð hins norræna kyns á sviði skáldmenntarinnar. Svo virðist sem bessi orðsins list og sú menningarstefna, sem fóstraði hana, hverfi næstum úr Noregi með útflytjendum þeim, er Ísland byggðu. Er sannarlega tími til kominn að leita orsaka þessa dularfulla og stórmerkilega fyrirbærис í sögu bókmenntanna.

Frá lokum landnámsaldar talið, voru næstum öll hirðskáld Noregskonunga Íslendingar. Þetta er alkunnugt og óumdeilt. Í bókmenntasögu sinni hinni stóru telur Finnur Jónsson upp íslenzku hirðskáldin, sem nú eru kunn. Frá 10. og 11. öld nefnir hann 49 hirðskáld. Við vitum þau skil á



BARDI GUÐMUNDSSON

35 þeirra, að fara má nærri um ættstöðvar og fæðingarhérað hvers þeirra. Nú bregður svo kynlega við, að úr Austfirðingafjórðungi finnst ekkert hirðskáld. Þegar við minnumst skáldafæðar frændbjóðanna til forna, hlýtur athygin ósjálfrátt að beinast til hins hirðskáldalausa landsfjórðungs. Hér sést hilla undir vegarmerki, sem taka má mið af. Það er auðsætt, að skáldmenntin hefur ekki að fornu fari fest verulega rætur austan lands eða í Þingeyjarþingi. Austan Eyjafjarðar og Markarfljóts er aðeins eitt hirðskáld af 35. Glúmur Geirason ólst upp í Mývatnssveit, en fluttist á unga aldri vestur á land. Þar staðfestust niðjar hans í byggðum Breiðafjarðar.

Fornskáldum okkar má gjarna skipa í two höfuðflokk: hirðskáld og tækifærisskáld. Þegar Finnur Jónsson hafði lokið við að telja upp tækifærisskáldin úr þeim landsfjórðungum, fórust honum orð eithvað á þessa leið: Undravert er það, hve fá skáld eru kunn frá Austurlandi. Þar er varla öðrum til að dreifa en Grími Droplaugarsyni. Finnur Jónsson hélt samt öllu til haga í skáldatali sínu. Auk Gríms nefnir hann tvö skáld úr Múlaþingum: Helga Ásbjarnarson, sem eignuð er vísa í Droplaugarsona sögu, og Þorkel nokkurn svartaskáld. Fékk Þorkell að fljóta með vegna viðurnefnisins. Af Norðurlandi austan Eyjafjarðar er getið þriggja skálda auk Gríms Geirasonar og tveggja í Skaftafellsþingi. Meðal þessara skálda er Vöðu-Brandur frá Laxamýri, sem sagður er hafa kveðizt á við mann og haft betur. Allir hinir eiga skáldanafnið hinu sama að þakka sem Helgi Ásbjarnarson. Nöfn þeirra eru í fornritum hvert um sig tengd við eina tækifærivísu. Það er von, að Finnur Jónsson undraðist skáldafæð Austurlands og ljóðaleyzi. Hann hafði alls talið upp um 120 íslenzk skáld frá 10. og 11. öld, sem hægt var að héraðsfesta með nokkrum sanni. Aðeins níu þeirra komu á landið austan Eyjafjarðar og Markarfljóts. Og meðal þeirra var ekkert meira háttar skáld svo vitað sé, nema Glúmur Geirason. Hann mætti þó eins vel telja meðal vestfirzkra skálda. Enda ekki ólíklegt, að skáldmennt sína hafi hann numið í Breiðafirði.

Af skattbændatali Gissurar biskups Ísleifssonar má fá allglögga hugmynd um mannfjöldahlutföll landsfjórðunganna á fyrstu oldum Íslandsbyggðar. Um aldamótin 1100 töldust skattbændur í Austfirðingafjórðungi sjö hundruð, tólf hundruð í Norðlendingafjórðungi, níu hundruð í Vestfirðingafjórðungi og í Sunnlendingafjórðungi tíu hundruð. Þegar Þingeyjarþingi og Eyjafjallasveit er bætt við Austfirðingafjórðung hinn forna, má auðsætt vera, að sá landshlut hefur sízt haft minni mannfjölda en hver hinna fjórðunganna, þannig skertir. Mun varla komið nær sanni um fþúafjöldann en að áætla alla fjóra landshlutana nokkurn veginn jafna að manntali til forna, því að hver þeirra hefur haft frá 9 til 10 hundruð skattbænda. Mun ég nú í grein þessari kalla hinn forna Vestfirðingafjórðung, sem takmarkaðist af Hvítá í Borgarfirði og Hrútafjarðará, Vesturland, Norðlendingafjórðung vest-

an Eyjafjarðar og Vaðlaheiðar Norðurland, Sunnlendingafjórðung vestan Markarfljóts Suðurland, en allt svæðið austan Eyjafjarðar og Markarfljóts Austurland. Nær þá Austurlandið vestur að landnánum Helga hins magra í Kristnesi og Ketils hængs að Hofi.

Þegar farið er eftir skáldatali Finns Jónssonar, skiptast fornскáldin þannig á landshlutana:

Vesturland	13	hirðskáld	33	tækifærisskáld.	Alls	46
Norðurland	13	—	28	—	—	41
Suðurland	8	—	15	—	—	23
Austurland	1	—	8	—	—	9

Þessar tölur tala skýru máli. Miðað við mannfjölda hefur Austurland þrisvar til fjórum sinnum færri skáld en við mætti búast og Vesturland rúmlega fimm sinnum fleiri skáld en Austurland. Við þenna samanburð verður auðvitað einnig að hafa í huga frásagna- eða heimildamagn hvers landshluta, en það mun brátt birtast, að forsendur reistar á þeim grundvelli ná fremur skammt til skýringar einar saman. Við tökum strax eftir því, að munarins á skáldatölu landshlutanna gætir langtum meir í flokki hirðskálda en tækifærisskálda. Mætti þó vænta þess, að minning um hirðskáldin hefði geymt nokkurn veginn jafnt, hver svo sem uppruni þeirra var. Það voru fyrst og fremst kvæðin um konungana, sem héldu nafni þeirra á lofti. Alkunnugt er það einnig, að Vestur- og Norðurland hafa til síðustu alda staðið Suður- og Austurlandi miklu framar í skáldskap og annarri bómennta- iðju. Einna mikilvægust er þó sú staðreynd, að sjálfar fornsögurnar bera það með sér, að austan lands muni menn sjaldan hafa ort að fornu og lítt haldið til haga því litla, sem kveðið var. Í Ljósvetninga sögu er engin vísa, en ein í Reykdæla sögu, og hún er eftir eyfirzka skáldið Víga-Glúm. Undantekning þessi er athyglisverð. Af henni má ráða, að höfundur sögunnar myndi varla hafa gengið fram hjá vísum, sem vörðuðu söguefni hans, ef til hefðu verið og honum kunnar. Vopnfirzku sögurnar eru sem Ljósvetninga saga með öllu vísnalausar. Sama er að segja um sögur Þorsteins Síðu-Hallssonar, Hrafnkels Freysgoða og þætti þá, sem Austurland varða. Vísur hafa aðeins Droplaugarsona saga og frásögnin um dráp Þorsteins Síðu-Hallssonar. Alls eru það 10 vísur, sem varðveittar eru í sögum Austurlands, og þrjár þeirra draumvísur. Jafnast þessi kveðskapur um tölu vísna á við einn þrettánda hlutann af vísnafjölda Egils sögu einnar. Um vísnamerðina í sögum Vestur- og Norðurlands þarf ekki að fjölyrða, en vert er að benda á það, hve margar af þessum sögum eru ofnar um ævitraði góðskáldanna. Svo er um Egils sögu, Gunnlaugs sögu, Bjarnar sögu, Gísla sögu, Hávarðar sögu, Fóstbræðra sögu, Kormáks sögu, Grettis sögu, Hallfreðar sögu og Víga-Glúms sögu. Meðal sagna Austurlands höfum við

enga hliðstæðu í þessu efni, nema ef hæfa þætti að nefna sögu Drop-laugarsona.

Það er auðséð, að á fyrstu öldum Íslands sögu hefur verið mikill munur á menningarviðhorfum vestur- og austurhluta landsins. Þetta er staðreynd, sem ekki verður vefengd. Skáldatalið eitt saman veitir nægilega sönnun. Af því má ráða, að aettir þær, sem skáldmennt iðkuðu, hafi flestar í önd-verðu valið sér búsetu á Vestur- og Norðurlandi, einkum í Vaðlaþingi að meðtöldum Fljótum, í Húnavatnsþingi, við Ísafjarðardjúp, í Breiðafjarðar-byggðum, um Snæfellsnes og á suðurjaðri Vestfirðingafjórðungs. Það þarf ekki heldur að leita langt eftir ljósu auðkenni á sérmenningu þeirra kynkvísla, sem rækt lögðu við skáldmenntina. Í skáldatali Finns Jónssonar um 10. og 11. öld eru rúmlega eitt hundrað skáld kennd við föður sinn eða móður. Tíu þeirra eru berlega kennd við mæður sínar í fornheimildum. Þótt þessi hópur hefði verið hálfu minni en raun ber vitni um, mætti samt telja fyrirbærið hið furðulegasta. Hin kunnu mannanöfn frá umræddum tíma sögu okkar munu leika á þúsundum, en meðal þeirra hefur mér ekki tekizt að finna nema hálfan fimpta tug persóna, sem kenndar eru við mæðurnar. Þegar skáld og skáldasystkini eru undanskilin, má mikið vera, ef meira en einn eða kannske tveir af hundraði eru þannig auðkenndir, en í skáldaflokknum er það næustum 10. hver maður. Þetta kynlega kennimerki skáldaaettanna er svo ótvíraett og hafið yfir alla tilviljun, að ég hef ekki hirt um að telja og flokka þann grúa mannanafna, sem koma fyrir í fornheimildunum. Í varúðarskyni tók ég samt til samanburðar við skáldatalið yfirlit Boga Th. Melsteðs um íslenzka skipaeigendur og farmenn á söguöld. Að frátöldum skáldum og systkinum þeirra, munu þar vera nefndir hátt á annað hundrað menn, sem kenndir eru við feðurna í fornritum, en aðeins einn ber nafn móður sinnar. Er það Sigurður Gunnhildarson, sem frá er sagt í Harðar sögu.

Vert er að gefa því gaum, að þess gætir miklu meir í hirðskáldaflokknum en í hópi tækifærisskálða, að menn séu auðkenndir með móðurnafni. Meðal hirðskáldanna er sjötti hver maður kenndur við móður sína, en af tækifærisskáldunum fjórtándi eða fimmtándi hver. Þetta er ofur eðlilegt. Í heild sinni er hirðskáldatalið langtum traustara. Meðal tækifærisskálða eru ýmsir taldir, sem hæpið er um, hvort skáldanafn beri með réttu. Á hinn bóginn má ætla, að flest hirðskáldin hafi verið í góðskáldaröð, og af þeim aettum, er hæst báru merki hinnar forníslenzku skáldmenntar. Því beinist nú athyglín sérstaklega að þessum skáldaflokki.

Þau hirðskáld, sem kennd eru við mæðurnar eru: Eilífur Guðrúnarson, Hrafn Guðrúnarson, Steinn Herdísarson, Bersi Skáld-Torfuson og Kormákur Dölluson. Mun rétt að telja Kormák hér með, þótt hann sé kallaður Ögmundarson í skáldatali. Í Kormáks sögu eru þeir bræður á Mel, Kormákur

og Þorgils, nefndir „Döllusynir“, og er þó faðernis þeirra getið rétt á undan. Svo sem vænta mátti kveður jafnframt rammt að því, að hirðskáldin séu ná-komin mönnum, sem auðkenndir eru með móðurnafni. Sighvatur Þórðar-son, Þórður Sigvaldaskáld og Óttar svarti eru allir taldir í hóp nánustu ætt-ingja Hrafns Guðrúnarsonar. Áfi Herdisar, móður Steins, var Einar skála-glam, frændi Æsusona og Pórhöllusona. Þórður Ingunnarson var afi Stúfs hins blinda, en faðir Þórðar var Glúmur Geirason. Vigfús Víga-Glúmsson er systursonur Þorgríms Hlífarsonar og frændi skáldsins Eyjólfs Valgerðar-sonar. Skúli Þorsteinsson er dóttursonur Gunnars Hlífarsonar, en Þorleifur jarlaskáld, Tindur Hallkelsson, Gunnlaugur ormstunga, Hofgarða-Refur, Þórður Kolbeinsson og Arnór sonur hans, áttu allir til ætta að telja, sem viðhöfðu hinn undarlega nafnasið, þótt ekki verði nú bent á náfrændur þeirra, sem móðurnafn báru. Hef ég nú getið 19 hirðskálda, en á 25 hirð-skáldum þekkjum við nokkur ætternisskil umfram foreldranöfnin.

Nærri mun láta, að konurnar séu 34, sem hafa hlotið þann heiðurssess í sögu Íslands fyrir og um miðbik 11. aldar, að börn beri þeirra nöfn sem föður-nöfn væru. Eru þá með talðar mæður landnámsmanna þrjár að tölu. Flest-ar þessara kvenna bjuggu í helztu skáldahéruðum Vestur- og Norðurlands, en á öllu Austurlandi tvær til fjórar. Dæmin, sem ef til vill má þaðan telja, eru: Járngerður, Fjörleif, Mardöll og Droplaug. Annar sonur Droplaugar á Arneiðarstöðum er eitt af þeim fáu skáldum, sem kunnugt er um frá Austur-landi. Samkvæmt Brandkrossaþætti á Mardöll að hafa verið amma Drop-laugar, en varla er mark takandi á þeiri heimild. Um Járngerði er það eitt kunnugt, að hún var móðir Ófeigs í Skörðum, sem talinn er afi skáldsins Ófeigs Skíðasonar. Var Ófeigur Járngerðarson ættaður frá Gnúpufelli í Eyjafirði og af hinu merka skáldakyni Helga magra og Þórunnar hyrnu, dóttur Ketils flatnefs, hersis. Nokkur óvissa ríkir því um það, hvort Jár-ngerði beri að telja til kvenna austan lands. Aftur á móti er fullvist, að Fjörleif var reykdaelsk að uppruna, dóttir Eyvindar landnámsmanns, sonar Þorsteins höfða, hersis á Hörðalandi. Maður Fjörleifar, Þórir leðurháls, var að lang-feðgatali kominn frá Birni bunu, en frá hersunum Birni bunu, Arinbirni í Fjörðum, Úlfí óarga og Katli raum eiga helztu fornскáldaættir Íslands að vera runnar. Sonardóttir Fjörleifar var Guðrún, kona Hrólfs í Gnúpufelli. Sonur þeirra hefur hirðskáldið Eilífur Guðrúnarson verið.

Það mun sízt ofmælt, að fimmти hver maður frá fornскáldatímum, sem móðurnafn ber, hafi hlotið sess á skáldabekk. Sá hópur skipar þar næstum tíunda hvert sæti. Þessi staðreynd gerir það öldungis óparft að rekja frekar skyldleika hinna 34 kvenna við fornскáldin. Í heiðni hljóta náin tengsl að hafa verið milli iðkunar skáldmenntar og siðar þess að kenna börn við mæður sínar. Þetta mikilvæga atriði dregur langan slóða. Nú má auðsætt verða, að forníslenzka skáldmennt ber ekki fyrst og fremst að skoða sem

ávöxt sérgáfu einstakra manna eða ætta, heldur sem menningareinkenni ákveðins kynstofns, sem mikils hefur mátt sín hér á landi, en þó aldrei verið einráður. Hvernig mætti það annars vera, að hinir fjarskyldu siðir að binda mál og auðkenna menn með móðurnöfnum fylgjast jafnan að í sömu aettunum og setja svip á einstaka landshluta, svo að blæbrigðin hefur mátt greina fram á síðustu tíma?

Sú hugmynd er næsta gömul, að endur fyrir löngu hafi skáldmennt og fjölkynngi átt leiðir saman, enda er í vísindum þessum fólginn meginstofn fornnorrænnar hámenningar. Að því er íslenzka menningu í heiðni snertir, efa ég ekki, að hér ræði um greinar af sömu rót runnar. Það voru konur hins kynlega nafnasiðar, sem sannfærðu mig um þetta. Með berum orðum heimildanna eru sjö þeirra kenndar við galdrar eða fjölkynngi, og engin í þeim hóp átti aett eða búsetu á Austurlandi. Austan Vaðlaheiðar finnast ekki fjölkynngiskonur eða völvur að fornu, því að varla verða með þeim taldar Tófa hlíðarsól eða fóstra Brodd-Helga, þótt þær dreymdi fyrir daglátum. Priggja fjölkunnugra kvenna er þó getið í sögum Austurlands, en tvær þeirra bjuggu á ströndum Eyjafjarðar í landnámi Helga hins magra og sú þriðja erlendis. Forníslenzkra kunnáttukvenna er að leita í blómlegustu skáldahéruðum landsins. Þar er enginn hörgull á þeim. Hér má aftur greina auðkenni á þeirri sérmenningu, sem skáldmenntin dafnaði við.

Meðal kunnáttukvennanna og skáldanna tilkaðist siður sá að kenna börn við mæður sínar. Það liggar beint við að skoða venju þessa sem tákn um sérlega mikil kvenréttindi í þeim aettum, er henni fylgdu. Það skiptir minnstu máli, þótt svo kunni að vera, að nafnagiftarvenjunnar gæti helzt þá, er börnin misstu forsjár föðurins á unga aldri eða voru laungetin. Á ritunartíma heimildanna mun sú skýring oftast eiga við. Mestu varðar að finna tildrog eða uppruna siðarins, og fæ ég ekki betur séð en hann hljóti að vera arfur frá aettkvíslum, sem virtu konuna meir en almennt var háttur meðal germanskra þjóðflokkja. Búseta kunnáttukvennanna í skáldahéruðum vekur vissulega grun, sem beinist í ákveðna átt, en kanna þarf ýmsa stigu, áður en fært má teljast að ræða um það efni. Fyrst og fremst ber nauðsyn til þess að ganga úr skugga um það, ef auðið er, hvort sjálfstæðis fornkvenna hafi gætt meir í skáldahéruðum landsins en öðrum landshlutum. Þótt merkilegt kunni að virðast, höfum við sæmilega góð gögn fyrir hendi til úrlausnarinnar.

,Það var mælt, að kona skyldi eigi víðara nema land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli''. Þannig er að orði kveðið í Landnámu Hauks Erlendssonar. Ummælin verða ekki sannreynd, en af þeim má samt sjá, að sagnamenn hafa gert ráð fyrir talsverðri þátttöku kvenna í landnánum. Hugboð er vakið um það, að á landnámsöld hafi konur stundum verið aettarhöfðingjar, sem höfðu mannaforræði á hendi.

Finnast einnig furðumörg dæmi þessa. Auður hin djúpúðga, sonardóttir Bjarnar bunu, ættföður hinna mörgu fornскálda, „var vegskona mikil“. Hún nam öll Dalalönd. Auði er skipað í röð hinna valdamestu og göfugstu landnema. Þorgerður, ekkja Ásbjarnar Bjarnarsonar hersis, frænda Auðar, nam Öræfasveitina alla. Sonardóttir Þorgerðar var hofgyðja, svo að ætla má, að vegur kvenna í þeirri ætt hafi verið mikill, enda finnum við líka hofgyðju í Hvammi, ættaróðali Auðar, og þó eru aðeins fimm kvenprestar kunnir úr fornsgu okkar. Rílegt landsvæði í Rangárþingi nam Ásgerður Asksdóttir hersis, amma skáldsins Njáls á Bergþórshvoli. Hún kom út með bróður sínum, en hann nam samt land að ráði Ásgerðar. Með bræðrum og náfrændum komu einnig út Ljót á Ljótarstöðum og Þórunn, mágkona Ásgríms Úlfssonar hersis. Báðar gerðust konur þessar sjálfstæðir landnemar.

Þá er að nefna Steinunni hina gömlu, ekkju hins hersborna Herlaugs, bróður Skalla-Gríms. Hún vildi ekki land þiggja að gjöf, „en gaf fyrir heklu flekkóttu enska og vildi kaupa kalla“. Síðan gaf hún fóstra sínum og frænda af landnáminu. Í landnámi Skalla-Gríms byggðu fjórar konur: Arnbjörg á Arnbjargarlæk, Þórunn í Þórunnarholti, Þorbjörg stöng í Stangarholti og Þuriður spákona, systir hennar, í Gröf. Með landnámskonum má líklega telja Geirríði í Borgardal, ömmu kunnáttukonunnar Geirríðar í Mávahlíð, móður skáldsins Þórarins svarta. Við Ísafjarðardjúp eru nefndar tvær landnámskonur: Þuriður sundafyllir og Þuriður rúmgylta. Má segja, að frásagnir um landnám þeirra séu næsta merkilegar. Önnur nam land með syni sínum, en hin með eiginmanni. Þuriður sundafyllir hefur verið viðkunn, og mikils metin völva. Sagt er, að hún hafi með seið gert „hvert sund fullt af síld“, eitt sinn, er hallæri var á Hálogalandi. „Hún setti Kvíarmið á Ísafjarðardjúp og tók til á kollótta af hverjum bóna í Ísafirði“. Sonur Þuriðar sundafyllis var skáldið Völu-Steinn. Hefur hann sjálfsagt borið nafn eftir móður sinni. Frá Þuriði rúmgyltu var komið skáldið Ólafur bjarnylur, sem í vísu einni er kallaður Bjargeyjarson. Síðasta, en ekki ómerkasta, dæmið í upptalningu landnámskvenna er Arndís hin auðga, móðir Þórðar í Múla. Hann var við móður sína kenndur. Arndís var dóttir landnámsmannsins í Saurbænum, Steinólfs hins lága Hrólfssonar hersis, en valdi þó sjálfrí sér landnám í Hrútafirði. Bjó hún í Bæ næst eftir Bálka, ættföður skáldanna Hólmgöngu-Bersa og Bjarnar Hítdælakappa. Benda frásagnir mjög til þess, að venzl hafi verið milli þessarar skálðaættar og þeirra mæðgina Arndísar og Þórðar, en ekki er nú kunnugt, hvernig þeim ættarböndum hefur verið háttað.

Við veittum því athygli, að Ljót landnámskona bjó á Ljótarstöðum, Þorbjörg stöng í Stangarholti, Arnbjörg að Arnbjargarlæk og Þórunn í Þórunnarholti. Upp í hugann skýtur nú mörgum hlíðstæðum úr elztu byggðarsögu landsins. Auður djúpúðga byggði fyrst að Auðartóftum. Langholts-

Þóra og Ásmundur Atlasson, maður hennar, bjuggu í Þórutóftum, þar til Ásmundur skildist við Þóru „fyrir mannvæmd og fór í Öxl að búa“. Um Þóru er það sagt, að hún „lét gera skála of þjóðbraut þvera og lét þar jafnan standa borð, en hún sat úti á stóli og bauð hverjum, er mat vildi eta“. Var það að vonum, að bæir bæru nöfn slíkra kvenna, þótt giftar væru. Þórdís Súrsdóttir, systir skáldsins Gísla, af hersaett úr Súrnadal, reisti byggð að Þórdíssarstöðum, er hún skildi við Börk hinn digra. Ef treysta má þessari frásögn, hefur Þórdís kosið heldur að hafa sjálf búsforræði á hendi en setjast að í horninu hjá Snorra, syni sínum, á höfuðbóli aettarinnar, Helgafelli. Minnir þetta á hina stórbrotnu ekkju skáldsins Eyjólfs Valgerðarsonar, sem bjó búi sínu að Hanakambi, þótt synir hennar, Guðmundur ríki og Einar Þveræingur, væru stórbændur þar í héraðinu. Sama má segja um móður hinna merku Fjörleifarsona. Á efri árum sínum bjó Fjörleif í Fjörlefartóftum. Hún var hersborin sem áður greindi. Af hersalangfeðgum voru einnig komnar Signý Valbrandsdóttir, frændkona Sigurðar Gunnhildarsonar, og Kjölvör, tengdadóttir Snaebjarnar, bróður Helga magra. Við þessar konur eru kenndir bæirnir Signýjarstaðir og Kjölvavarstaðir.

Ingunn Þórólfssdóttir bjó að Ingunnarstöðum í Geiradalshreppi. Afi hennar var Dala-Kollur, sem kallaður var „hersir að nafnbót“. Í föðurætt var Ingunn náfrænka skáldsins Hólmgöngu-Bersa, en kona hirðskáldsins Glúms Geirasonar. Sonur þeirra var Þórður Ingunnarson. Á næstu grösnum bjó Þurfiður drikkinn á Kinnarstöðum. Við hana voru Kinnarsynir kenndir. Þar í sveitum bjuggu einnig Gróa á Gróustöðum, Heimlaug völva á Völvustöðum og Bera í Berufirði, móðir Berusona. Að Torfustöðum í Miðfirði átti heima Torfa, móðir hirðskáldsins Bersa. Skammt undan bjó Þórey á Þóreyargagnúpi, en systir hennar, Gróa, að Gróustöðum í Vatnsdal. Báðar taldar mjög fjölkunnugar. Og úti á Skagaströnd að Spákonufelli finnum við hina fornfrægu Þórdísi spákonu. Loks skal svo nefna, þótt fleiri mætti telja, Arneiði á Arneiðarstöðum, konu Ketils Þiðrandasonar landnámsmanns. Hún var langamma skáldsins Gríms Droplaugarsonar.

Nú voru nefndar allmargar konur frá landnáms- og söguöld, sem bjuggu á bæjum, er báru nöfn þeirra. Flestar voru þær skálðaættar, hersakyns eða þá fjölkunnugar. Það hugboð hefur nú skotið dýpri rótum, að meðal fornaldarkvenna hafi verið næsta álitlegur hópur, er naut fullkomins sjálfforræðis og stóð framarlega í menntalífi þeirra tíma. Við megum ekki láta það villa okkur sýn, þótt kristnir sagnamenn beri oft hinum heiðnu fjölkynngiskonum illa söguna. Þær voru öðrum fremur unnendur og iðkendur dulfræða eða háspeki sinnar tíðar. Hefur sjálfsagt ekki þótt minna um þau vínsindi vert þá en heimspeki og náttúrufræði nú. Virðingin fyrir göldrum og seið kemur skýrast fram í þeim goðsögnum, að Óðinn sjálfur og Freyja voru talin meistarar meistaranna í þessum greinum. Og Óðinn var ekki aðeins hinn

tröllaukni oddviti „galdrasmiðanna“. „Hann og hofgoðar hans heita ljóða-smiðir, því að sú íþrótt hófst af þeim í Norðurlöndum“, segir Snorri Sturluson. Er hér náið nef augum, þar sem höfuðþróttir hins sama goðs voru að trú manna fjölkynngi og ljóðagerð; Óðinn „mælti allt hendingum, svo sem nú er það kveðið, er skáldskapur heitir“, segir Snorri enn fremur.

Um það reyndust dæmin deginum ljósari, að í 1000 ár hafa nöfn sjálfs-stæðra athafnakvenna lifað í íslenzkum bæjaheitum. Þegar á heildina er litið, sýna heiti bæja, sem hefjast á kvennaheitum, að þar hafi eitt sinn búið kona, sem freistaði að sjá sér farborða af eigin ramleik. Ef jörðin er í stærra lagi, má ætla, að húsfreyjan hafi verið vel efnum búin og haft talsvert mannahald. Meðal þessara kvenna hefur það vaftalaust helzt hent, að börn væru fremur við móður sína kennd en föðurinn. Við höfum nú áður séð, að sá síður var mjög bundinn við iökendur skáldmenntar og dulvísinda. Vindast hér saman þræðir, er mynda sterkan streng, og styrkleika hans má nú reyna til hlítar. Í flokki þeirra íslenzkra bæjanafna, sem hafa mannanöfn eða viðurnefni að forliðum, eru þau í yfirgnæfandi meirihluta, sem enda á -staðir, að minnsta kosti, ef smábýlaflokkarnir eru undan skildir. Svo einstaklega vel vill til, að hægt hefur verið að ákveða nokkurn veginn með vissu aldur þessa stærsta bæjanafnaflokks Íslands. Munu fræðimenn vera sammála um það, að allur þorri þeirra bæjanafna sé frá elztu tímum Íslands sögu. Örsjaldan eru þeir auðkenndir með nöfnum, sem rót eiga að rekja til menningaráhrifa, er fóru í kjölfar kristindóms og kirkju. Þegar það hendir, er ætíð um eyðibýli eða lítilfjörleg hjáleigukot að ræða. Petta er auðvitað engin tilviljun. „Staða“-bæir stóru jarðanna eru yfirleitt eldri en smábýli sama nafnaflokks. Sökum stærðar sinnar og landkosta hafa þeir langtum síður en smábýlin lagzt í auðn eða orðið að hjáleigum. Við þá mun því athyglan dvelja um stund, enda eru nöfn smájarða sízt mælikvarði á sjálfforræði eða frjálsta framtakssemi fornkvenna. Á öllum tímum hafa blásnauðar ekkjur og aðrar einstæðingskonur orðið að burðast við búskap, hvort sem þeim var það ljúft eða leitt, og oft án teljandi fyrirvinnu eða forverka karlmanna. Engu að síður hafa nöfn þeirra varðveitizt í bæjaheitum.

Heilskyggir menn mega nú glöggt greina, hvert stefnir. Ef rannsókn míin er á réttir braut, má þess vænta, að nokkurs munar gæti milli landshluta á fjölda þeirra „staða“-bæja, sem við konur eru kenndir. Við samanburðinn verður að telja bæði karla- og kvenna-staði landsins og finna síðan hlutfallið milli kvenna-staðanna og heildartölu „staða“-bæja í hverjum landshluta. Þessu veldur, að „staða“-bæirnir hafa ekki náð jafnmikilli útbreiðslu í öllum fjórum landshlutunum, þótt hvarvetna gæti þeirra mikið. Til samanburðarins valdi ég hið handhæga jarðatal frá 1847, er Jón Johnson gaf út. Taldi „staði“ karla og kvenna, sem þá voru byggðir, flokkaði þá eftir kynjunum og fylgdi við skilgreininguna skrá Finns Jónssonar yfir „staða“-bæina í Safni til sögu

Íslands, þótt ekki væri ég honum samþykkur í öllum atriðum. Kvenna-staðir Vesturlands reyndust 14,5 af hundraði, Norðurlands 12,2 og Suðurlands 10,1. En á Austurlandi var hundraðshluti kvenna-staðanna 7,9.

Við samanburðinn lét ég ótalda „staða“-bæi Vestmannaeyja, því að víst er, að þeir einu kvenna-staðir, sem þar finnast, hlutu nafn sitt á 13. öld. Jafnframt er rétt að benda á það, að Finnur Jónsson hefur talið til kvenna-staða bæina Dísastaði og Kolfreyjustaði í Suður-Múlasýslu, Dísastaði í Árnessýslu og Meiðastaði í Gullbringusýslu, en látið ónefnda í þeim flokki Torfustaði í Núpsdal og Torfustaði í Bólstaðarhlíðarhreppi. Við þetta er bágtr að una, þótt reyndar skipti það ekki miklu máli. Finnur Jónsson hyggur, að Dísastaðir hafi að forlið kvenmannsheitið Dís, og er það hrein getgáta. Konuheitið Dís má hér lendis heita næstum óþekkt frá fyrri oldum, en á hinn böginn var dísátrúnaður allmikill meðal Íslendinga í heiðni og finnast merki hans í örnefnum á Vestfjörðum, svo sem Kálund hefur bent á í Íslands-lýsingu sinni. Torfustöðnum tveim hefur Finnur Jónsson sleppt úr kvenna-staðaflokknum, sökum þeirrar einkennilegu ímyndunar, að þeir hafi upprunalega heitið Torfastaðir. Þetta er öldungis út í bláinn. Í jarðabók Árna og Páls eru bæirnir nefndir Torfustaðir. Er þess sízt að vænta, að hið fágæta konunafn Torfa hafi verið sett í staðinn fyrir karlmannsheitið Torfi, enda er sjón sögu ríkari um það, að á síðustu tímum hefur einmitt hið gagnstæða átt sér stað um báða þessa bæi. Pannig er máli einnig háttáð um Torfustaði í Miðfirði, sem kenndir voru við Skáld-Torfu, móður Bersa. Um Meiðastaði og Kolfreyjustaði skal hér ekki fjölyrt, en vísað til umsagnar Hannesar Þorsteinssonar í Árbók Fornleifafélagsins 1923.

Ýmsar athugasemdir mætti einnig gera við skrá Finns Jónssonar yfir karla-staðina, en því verður ekki við komið í þessum stutta þætti. Nokkrar tilfærslur milli karla-staðaflokkssins og flokks þeirra „staða“-nafna, sem ekki hafa mannanöfn eða viðurnefni að forlið, skipta líka litlu við þann samanburð, sem hér er verið að gera. Með þeim leiðréttigungum, sem nefndar voru, verða fjöldahlutföll kvenna-staða hinna fjögra landshluta þannig:

Vesturland:	124	staðir.	Par af kvenna-staðir	18	eða	14,5%
Norðurland	222	—	—	29	—	13,1%
Suðurland:	156	—	—	14	—	9,0%
Austurland:	214	—	—	15	—	7,0%

Þess er auðvitað enginn kostur að draga skýra markalínu milli þeirra kvenna-staða, er vitnisburð veita um frjálsræði og virðingu fornkvenna, og þeirra „staða“, sem heitnir eru eftir umkomulausum einstæðingskonum. En það má fullyrða, að flestir kvenna-staðir Austurlands hafa verið furðulega bágborin býli. Ef við látum ótalda alla „staða“-bæi, sem að dýrleika eru taldir undir 10 hundruðum, dregst Austurland stórlega aftur úr. Nú nemur kvenna-

staðafjöldinn þar naumast 5 af hundraði, en hinir landshlutarnir standa næstum í stað á þessu sviði. Í stuttu máli sagt: Hið skálðaaðga Vesturland hefur hlutfallslega þrisvar sinnum fleiri kvenna-staði en Austurland með sín fáu skáld og litlu ljóðagerð. Þetta væri frábær tilviljun og mjög dularfull, ef ekki hafa eitt sinn verið nái menningartengsl milli skáldmenntar og upphafs hinna stærri kvenna-staða.

Magnús Ólsen hefur gert að umræðuefni stórfelldan og afar merkilegan mun á norskum og íslenzkum „staða“-nöfnum. Að tali hans eru kunnir í Noregi um 2500 „staðir“, en á Íslandi um 1100, sem hafa að forlið mannsnafn eða viðurnefni. Hann bendir á það, að meir en tíundi hver íslenzkra „staða“-bæja er kenndur við konunafn, en kvenna-staðir Noregs séu alls um 30, þegar hæpin dæmi eru með talin, og muni nær sanni að lækka þá tölu um helming. Það var sízt furða, þótt hinn gagnmerki og hugmyndaráki vísinda-maður gengi ekki þegjandi fram hjá þessum feikna mun á kvenna-staðatöllum landanna og freistaði að finna orsök hans. Magnús Ólsen hyggur, að miseldri á „staða“-bæjum Íslands og Noregs valdi miklu um muninn, og einnig ólík búskaparskilyrði í löndunum. Virðist hann þá ætla, að fjöldi bæja beri nöfn umkomulausra kvenna, sem lítt eða ekki nutu stuðnings karlmannna við búskapinn. Skýringartilraunir þessar hafa að vissu leyti valdið mér leiða, því að það má af líkum ráða, hvers vegna gjörhugull vitmaður hefur ekki fest auga á merg málsins. Hin rótgróna gamla trú, að íslenzka þjóðin og fornmenning hennar sé að meginstofni norsk, hefur byrgt fyrir útsýnið. Sem huliðshjálmur hefur hún öldum saman hvílt yfir ýmsum mikilvægustu viðfangsefnum norrænnar sögu og breytt þar birtu í myrkur og skini í skugga. Þegar skuggavaldi þessum hefur verið rutt úr veki, þurfum við ekki að spyra, hvers vegna íslenzkir kvenna-staðir séu hlutfallslega allt að 17 sinnum fleiri en hinir norsku. Við snúum þá rólega blaði við og segjum: Þessi stórfelldi munur sýnir, að fornaldarkonur Íslands hafa notið ólikt meira athafnafrelsис og virðingar en kynsystur þeirra af norskum ættum.

Eftir að landnánum lauk á Íslandi, var Noregur nær því skáldalaust land um aldaraðir. Það, sem þar hafði áður verið ort, féll í gleymsku, að því undan skildu, sem borgið var útflytjendum, er Ísland byggðu. Svo sem að líkum lætur, var það einmitt kyn það, er kenna má við skáldmenntina, er varðveitti ávöxt hennar: eddukvæði, kappakvæði og ýmis önnur ljóð, en aðrir ekki til langframa. Á víkingaöld er það sannkölluð tízka bæði á Íslandi og í Noregi að kalla býli nöfnum, sem enda á „staðir“ og auðkenna þá með heitum ábúendanna. Meðal þessara bæja reyndust kvenna-staðir Noregs vera undir einum hundraðshluta, eða líklega svo sem 0,6%, en kvenna-staðir Íslands um 11 af hverju hundraði. Af íslenzku landshlutunum hefur Austurland langfæst skáld og kvenna-staði, og þar geymdust einnig trauðlega ljóð í manna minnum. Hér kemur nú röðin upp á við og gildir jafnt um

skáld og kvenna-staði: Suðurland, Norðurland, Vesturland. Fyrir mínum sjónum er málið skýrt. Skáldmenntin og hin miklu kvenréttindi hafa eitt sinn verið greinar á sama menningarmeidi. Rætur þess stofns hafa ekki sótt næringu sína í norska mold. En hvert þá? Úr þeiri gátu er þyngri þraut að leysa. Samt mun lausnar leitað, og ég sé þegar glittá á götuslóða, er ganga má fram á leið. Hann skal rakinn, svo langt sem ratljóst er, inn í rökkur heiðinnar fyrnsku.

Barði Guðmundsson.

Stefan Zweig láttinn.

Fyrir jáum dögum bárust þau tilindi, að skáldið og sagnfræðingurinn Stefan Zweig hefði framið sjálfsmorð ásamt konu sinni, t Rio de Janeiro í Brasilíu, sextugur að aldri.

Með honum er hniginn snjallasti og viðkunnasti listamaður þeirrar einu bókmenntagreinar, sem hægt er að telja séreign nútímans: hinnar nýju, sálfræðilegu sagnaritunar í listrænum búningi. *Slik sagnaritun er aðeins á skálda færi, enda hóf Stefan Zweig höfundarferil sinn sem ljóðskáld, og liggur eftir hann ágætt kvæðasafn, ásamt snilldarþýðingum á ljóðum Verlaines, Baudelaires og Verhaerens. Auk þess hefur hann ritað langar smásögur og leikrit. Fyrir tveim árum (1939) kom út eftir hann löng skáldsaga, Ungeduld des Herzens (Óþreyja hjartans), sem talin er mikil listaverk. En þær bækur, sem halda munu nafni hans lengst á lofti, eru þó ævisögur hans. Af þeim má nefna ævisögu Verlaines, Priggja meistara (Balzacs, Dickens og Dostojevskis), Erasmusar frá Rotterdam, Fouchés (lögreglustjóra Napóleons), Maríu Stúart, Maríu Antoinette og Magellans. Þrjár hinar síðastlöldu hafa verið þýddar á íslenzku, auk safns smærri ritgerða um söguleg efni (Undir örlagastjörnum) og langra smásagna (Leyndarmálsins og Amok, er ber á íslenzku heitið Hlaupaæðið, óheppilegt nafn). Vafalaust hefur kynborin ást á sögu og virðing fyrir listrænni frásögn með þeiri þjóð, sem ól Snorra Sturluson, átt mikinn þátt í því, að Stefan Zweig hefur verið þýddur og lesinn á íslenzku framar flestum eða öllum öndvegishöfundum vorra tíma.*



Frh. á bls. 25